



Mýrdalshreppur

Deiliskipulag vesturhluta Víkurþorps
Skipulagslýsing
- Ágúst 2020 -



LANDMÓTUN

Margrét Ólafsdóttir, Kristín Una Sigurðardóttir og Eyrún Pétursdóttir
Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími 575 5300

Efnisyfirlit

1 SKIPULAGSSVÆÐI OG VIÐFANGSEFNI	3
2 HELSTU FORSENDUR	4
2.1 SKIPULAGSLEG STAÐA	4
2.2 VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ	5
2.3 ÍBÚAÞRÓUN	5
2.4 ATVINNUMÁL.....	5
2.5 TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
2.6 FRIDLÝSTAR MINJAR OG HÚS SEM ERU 100 ÁRA OG ELDRI	6
2.7 NÁTTÚRUVÁ.....	7
3 SKIPULAGSFERILL	7
3.1 KYNNING OG SAMRÁÐ	7
3.2 TÍMA- OG VERKÁÆTLUN.....	7
4 HEIMILDASKRÁ.....	8

1 SKIPULAGSSVÆÐI OG VIÐFANGSEFNI

Mýrdalshreppur hefur ákveðið að ráðast í gerð deiliskipulags fyrir Vesturhluta Víkurþorps og er hér lögð fram skipulagslýsing í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í deiliskipulagi svæðisins verður ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum eða mannvirkjum sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Deiliskipulagssvæðið er um 10,5 hektarar að stærð. Svæðið er þegar byggt en á suður hluta þess eru óbyggðar lóðir en svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt áður. Flestar lóðir svæðisins eru í eigu sveitarfélagsins. Stór hluti skipulagssvæðisins varð verndarsvæði í byggð skv. lögum nr. 87/2015 með samþykkt ráðherra í febrúar 2020 og skal deiliskipulagsáætlunin vera í samræmi við skilmála verndarsvæðisáætlunarinnar.



Mynd 1. Afmörkun á deiliskipulagssvæði.

Tilgangur deiliskipulagsins er að styrkja og efla svæðið með því að hlúa að staðbundnum sérkennum og sögu svæðisins og skilgreina betur notkun þess og framtíðarsýn, lóðastærðir og aðgengi að lóðum. Auknum fjölda ferðamanna sem leita í þennan hluta þorpsins í tengslum við hótél og veitingastaði fylgir aukin umferð og þörf fyrir bílastæði. Á norðurhluta svæðisins er fjölbreytt byggð þar sem verslun og þjónusta, athafnasvæði og íbúðarbyggð blandast saman. Flest þessara húsa eru ekki í heilsársnotkun þó engin sumarhús séu skilgreind innan þéttbýlis í þorpinu, en þó nokkur hús eru í útleigu til ferðamanna.


Brydebúð er staðsett innan svæðisins og þar er starfrækt Kötlusetur- miðstöð menningar, fræða og ferðamála; upplýsingamiðstöð og kaffihús. Í tengslum við þá starfsemi er húsnæði sem hýsir bátinn

2.2 VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

Í febrúar 2020 samþykkti mennta- og menningarmálaráðherra tillögu að verndarsvæði í byggð í vesturhluta Víkur í Mýrdal, skv. lögum nr. 87/2015. Verndarsvæði í byggð er afmarkað svæði í þéttbýli sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra. Svæðið nær frá Víkurbraut 16 í austri og tekur til húsa norðan Víkurbrautar til og með bátaskýlisins við Víkurbraut 40a, auk húsa númer 21 (Halldórsbúð), 21a, 17 (Skaftfellingabúð), 19, 11 og 11a, sem eru sunnan Víkurbrautar. Innan þessarar afmörkunar eru verslunar- og íbúðarhús frá upphafi fjölbýlismyndunar í Vík og fram til ársins 1918, auk nokkurra yngri bygginga. Markmið þess að gera vesturhluta Víkur í Mýrdal að verndarsvæði í byggð er að vernda sviptót byggðarinnar og gera sögulegu mikilvægi svæðisins hátt undir höfði. Með skilgreiningu verndarsvæðis í byggð er mörkuð stefna um verndun, viðhald og þróun elsta hluta Víkurþorps sem getur m.a. þjónað sem aðráttarafi fyrir ferðamenn ef vel er að verki staðið. Í tillögunni eru settir skilmálar til þess að mynda ramma um framtíðarþróun og uppbyggingu innan svæðisins, með það fyrir augum að standa vörð um menningarsöguleg verðmæti svæðisins. Stór hluti deiliskipulagssvæðisins fellur innan verndarsvæðis í byggð og skulu skilmálar deiliskipulags vera í samræmi við skilmála verndarsvæðis í byggð.

2.3 ÍBÚAÞRÓUN

Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 segir um íbúáþróun: „Íbúafjöldinn í sveitarfélaginu er mestur í Vík í Mýrdal og búa þar 62% íbúanna. Líklega mun það hlutfall haldast eða hækka gangi áætlanir um fjölgun íbúa eftir. Undanfarin ár hefur íbúum í sveitarfélaginu fjölgað mikið og hlutfall þeirra sem búa í þéttbýlinu í Vík var 65% árið 2019. Íbúaspár gera ráð fyrir að íbúum í sveitarfélaginu haldi áfram að fjölga á næstu árum, þó ekki á sama hraða og verið hefur undanfarin ár.



2.4 ATVINNUMÁL

Í Mýrdalshreppi hefur að jafnaði verið unnið rúmt ársverk fyrir hverja tvo íbúa. Atvinna í Mýrdalshreppi einkennist af litlum og sjálfstæðum vinnustöðum. Helstu atvinnugreinar sveitarfélagsins eru ferðapjónusta sem hefur vaxið gríðarlega hratt undanfarin ár, landbúnaður, verslun og þjónusta og opinber þjónusta.

Framtíðaratvinna mun að líkindum áfram byggja mest á þjónustu við ferðamenn og landbúnaði.

Önnur tækifæri til vaxtar eru líklega mest í framleiðslugreinum og opinberri þjónustu.

Iðnaðaruppbygging mun verða á grundvelli einhverra einkennandi þátta svæðisins, svo sem hrávöru úr héraði eða á grundvelli hugvits sem verður til á svæðinu.

2.5 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

- Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028
- Landskipulagsstefna
- Verndarsvæði í byggð- vesturhluti Víkurþorps.
- Samgönguáætlun 2020-2034
- Hættumat fyrir Vík í Mýrdal. Greinargerð með hættumatskort.
- Áfangastaðaáætlun fyrir Kötlu jarðvang.

2.6 FRIDLÝSTAR MINJAR OG HÚS SEM ERU 100 ÁRA OG ELÐRI


Árið 2004 var gerð fornleifaskráning og húsakönnun í Vík (Katrín Gunnarsdóttir, 2004). Þau gögn eru komin til ára sinna og samræmast ekki núgildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands um skráningu minja og húsa. Verndarsvæði í byggð í vesturhluta Víkurþorps var fornleifaskráð árið 2018 og nær það yfir stóran hluta deiliskipulagssvæðisins. Fornleifaskráningin var unnin líkt og um deiliskráningu væri að ræða. Við fornleifaskráningu voru skráðar 57 minjar. Af þeim voru 27 hús (alls 31 íbúðir, nokkur þeirra eru parhús) sem ítarlegar er fjallað um í húsakönnun en skráðar voru 30 minjar af öðrum toga á svæðinu, m.a. kálgarðar, leiðir og garðlög.

Í deiliskipulagi skal skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fjallað um friðaðar og friðlýstar minjar. Allar fornleifar, hús og mannvirki, 100 ára og eldri eru friðaðar og er óheimilt að haggja við þeim án leyfis Minjastofnunar Íslands. Um friðlýstar minjar gilda strangari verndarákvæði og flokkast þær sem þjóðminjar. Engar friðlýstar minjar voru skráðar á deiliskipulagssvæðinu árið 2004 né innan verndarsvæðis í byggð árið 2018, en 28 hús eru 100 ára eða eldri og þannig friðuð. Samráð verður haft við Minjastofnun Íslands um fyrirkomulag þess svæðis sem ekki var skráð árið 2018.



Mynd 3. Brydebúð við Víkurbraut.

2.7 NÁTTÚRUVÁ



Mynd 1. Hættumatskort Veðurstofu Íslands fyrir Vík í Mýrdal frá árinu 2009.

Samkvæmt hættumati frá 2009 (Tómas Jóhannesson og Jón Gunnar Egilsson, 2009) eru fjögur íbúðarhús og tvö atvinnuhús við Víkurbraut á B-svæði og tólf íbúðarhús og þrjú atvinnuhús eru á A-svæði, einkum vegna snjóflóðahættu. Siglingastofnun (2011) metur flóðahættu mikla í Vík. Bygðir hafa verið tveir sandfangarar við Víkurfjöru sem hafa hamlað landbroti.

3 SKIPULAGSFERILL

3.1 KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum í upphafi verks. Þar með er umsagnaraðilum gefinn kostur á því að koma á framfæri sjónarmiðum og ábendingum sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Skipulagslýsing verður auglýst í blöðum og til sýnis á skrifstofu Mýrdalshrepps að Austurvegi 17 og heimasíðu sveitarfélagsins vik.is.

Samráðs- og umsagnaraðilar verða:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar á skipulagssvæðinu

3.2 TÍMA- OG VERKÁÆTLUN

Eftirfarandi eru drög að tímaferli og eru þau birt með fyrirvara um breytingar.

Ágúst 2020: Skipulagslýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila, auglýst í dagblaði og á heimasíðu Mýrdalshrepps til kynningar fyrir almenningi og hagsmunaaðila, 3 vikur.

Okt/Nóv 2020: Tillaga að deiliskipulagi kynnt í skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn.

Nóvember 2020: Tillaga að deiliskipulagi kynnt á íbúafundi.

Janúar 2021: Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulag til auglýsingar.

Janúar 2021: Tillaga að deiliskipulagi auglýst í Lögbirtingarblaði, í landsmálablaði og til sýnis á sveitarstjórnarskrifstofu og heimasíðu Mýrdalshrepps

Mars 2021: Yfirferð athugasemda, deiliskipulag samþykkt og svör við athugasemdum send þeim sem gerðu athugasemdir.

Apríl 2021: Afgreiðsla Skipulagsstofnunar og birting í B-deild Stjórnartíðinda.

4 HEIMILDASKRÁ

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028. Mýrdalshreppur og VSÓ ráðgjöf.

Katrín Gunnarsdóttir. 2004. Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal - Norður-Vík/Suður-Vík. Húsakönnun: Könnun og mat á húsum í Vík. Vík í Mýrdal; Mýrdalshreppur.

Kristín Una Sigurðardóttir. 2019. Vesturhluti Víkur í Mýrdal. Húsakönnun. Landmótun.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2018. Vík í Mýrdal, verndarsvæði í byggð. FS703-18241. Fornleifastofnun Íslands.

Samgönguáætlun 2020-2034

Skipulagslög nr. 123/2010

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Tómas Jóhannesson og Jón Gunnar Egilsson. 2009. Hættumat fyrir Vík í Mýrdal. Greinargerð með hættumatskort. Skýrsla VÍ 2009-008.